

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, svæði fyrir opinberar stofnanir, neðan Dalbrautar, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í að hluti svæðis neðan Dalbrautar sem ætlað var til síðari stækkunar íbúðarsvæða verður svæði fyrir opinberar stofnanir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>		kg	%	kr./kg
0407.0001 Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	0
0404.9000 Annað (mysuduft)	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.0001) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.